

EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslensk erfðagreining Sturlugata 8



Dags eftirlits	3.7.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kjartan Guðmundsson
Fyrirtæki	Íslensk erfðagreining	Eftirlitsmaður	Kjartan Guðmundsson
Heimili	Sturlugata 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6912953549	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur L. Norðdahl	ÍSAT nr.	72110
Fulltrúi fyrirtækis	Anna M. Kristinsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi Íslenskrar Erfðagreiningar fyrir afmarkaðri starfsemi með erfðabreyttar örverur. Engin frávik komu fram en þrjár ábendingar voru settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með leyfi Íslenskrar Erfðagreiningar til afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttar örverur í flokki II að Sturlugötu 8 í Reykjavík. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Almenn Ákvæði (kafli 1 í leyfi)
- Varnir gegn mengun ytra umhverfis (kafli 2 í leyfi)
- Innra eftirlit rekstraraðila (kafli 3 í leyfi)
- Skoðunarferð

Eftirlitið hófst á fundi með fulltrúa rekstraraðila – Guðmundi L. Norðdahl. Einnig viðstödd var Anna M. Kristinsdóttir. Farið var yfir leyfið þ.m.t. umfang, skráningu og meðhöndlun úrgangs, afmörkunarráðstafanir og vinnudagbækur. Skiptireglan var einnig rædd og dæmi tekin um hana. Verklag var almennt í samræmi við leyfi.

Að loknum fundi var farið í skoðunarferð um svæði þar sem unnið er með erfðabreyttar örverur á rannsóknarstofu á 2. hæð auk efnaherbergis á 1. hæð. Einnig var farið í skoðunarferð um rými þar sem varaafstöð og olíutankar eru staðsettir.

Á rannsóknarstofu voru ruslatunnur fyrir sóttmengaðar úrgang til staðar og góðar merkingar. Almennt snyrtilegt, aðgangsstýrt og ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir smit inn og út úr rýmum. Einnig var ákveðið svæði tilgreint fyrir vinnu með erfðabreyttar örverur og svæði fyrir sóttmengðu áhöld. Við skoðun á efnaherbergi var rætt að huga þyrfti vel að því hvaða hættuleg efni væru geymd saman og minnt á að passa sérstaklega geymslu etanóls. Öryggisblöð (SDS) voru rædd en starfsfólk getur nálgast þau á netinu, en ekki í rýminu þar sem efni eru geymd eða notuð. Rekstraraðila var bent á að gott væri að hafa öryggisblöðin aðgengilegri fyrir starfsfólk, t.d. útprentuð eða með QR kóða sem vísar í gagnagrunn. Athygli var vakin á því að enginn skápur er til staðar fyrir fljótandi spilliefni í aðal efnaherbergi fyrirtækisins. Þó voru hættulegt efni geymd í litlum læstum skáp. Flest fljótandi spilliefni eru geymd á gólf í lekabyttum og í dragskáp.

Á rannsóknarstofu á 2. hæð var spilliefnaskúffa opnuð en þar er þörf á að yfirfara gömul efni og taka til. Rekstraraðila er bent á að fjarlægja og skoða ílát m.t.t. leka eða skemmda. Ein flaskan sýnir augljós merki um leka/útfellingar. Gott væri að endurskoða verklag og merkja betur ílát sem geymd eru í skúffu. Gott væri að koma fyrir frekari lekavörnum í skúffu t.d. plastbakka.

Að lokum var farið í skoðunarferð í aðgangsstýrt rými undir varaafstöð sem staðsett er í bílastæðahúsi sem tilheyrir lóð Íslenskra Erfðagreiningar. Í rýminu er geymt talsvert magn olíu. Rýmið var ómerkt og ekki lágu fyrir upplýsingar um hvort fráveita væri til staðar eða hvort þar væri tengdur mengunarvarnabúnaður, s.s. olíuskilja.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að yfirfara innihald spilliefnaskúffu á 2. hæð rannsóknarstofunnar, merkja efni með skýrum hætti og farga þeim efnum sem eru gömul, ónotuð eða óþekkt á viðeigandi hátt. Nauðsynlegt er að tryggja reglubundna tiltekt og örugga geymslu efna til að koma í veg fyrir hættuleg efnahvörf, í samræmi við ákvæði í grein 2.4 starfsleyfisins.

Rekstraraðila er bent á að meta þörf fyrir spilliefnaskáp í efnaherbergi á 1. hæð til geymslu á fljótandi spilliefnum. Slíkur búnaður stuðlar að öruggri og viðeigandi meðhöndlun hættulegra efna og er í samræmi við kröfur um örugga

geymslu efna samkvæmt grein 2.4 í leyfi.

1

Rekstraraðila er bent á að tryggja að öryggisblöð (SDS) séu betur aðgengileg starfsfólki á vinnusvæðum þar sem hættuleg efni eru notuð eða geymd, í samræmi við kröfur greinar 2.4 í leyfi.

ANNAÐ

Við eftirlit var farið inn í aðgangsstýrt rými í bílastæðahúsi þar sem staðsett er varaafstöð og geymt er talsvert magn olíu. Þrátt fyrir að þetta rými falli utan þess leyfis sem eftirlitið beindist að, er tilefni til að benda á eftirfarandi: rýmið skal merkt með viðeigandi hætti og tryggt að mengunarvarnabúnaður, s.s. olíuskilja, sé til staðar eftir því sem við á, í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Reykjavík, 31.07.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Kjartan Guðmundsson